

**Nd.**

### **703. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

#### **1. gr.**

Til viðbúnaðar gegn þeim erfiðleikum atvinnuveganna, er stafa af styrjaldarástandinu, til þess að minnka verðbólguna innanlands og draga þannig úr hækkun framfærslukostnaðar og kaupgjalds, og til annarra ráðstafana, sem óhjákvæmilega nauðsynlegar kynnu að þykja af styrjaldarástæðum, eru ríkisstjórninni veittar heimildir þær, er í lögum þessum greinir.

#### **2. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða farmgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenskum skipum.

#### **3. gr.**

Í því skyni, er í 1. gr. getur, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 5 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs á árinu 1941.

#### **4. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenskar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu. Skal gjaldið vera ákveðinn hundraðshluti af fob-verði afurðanna, þó ekki hærri en 10 af hundraði. Er ríkisstjórninni heimilt að ákveða á mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, miðað við framleiðslukostnað og söluverð.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að gjald þetta skuli aðeins ná til þeirra afurða, sem framleiddar eru eftir að reglugerðin um útflutningsgjaldið öðlast gildi.

#### **5. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja með reglugerð sérstakan skatt á hreinar tekjur ársins 1940, að frádreginni upphæð eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrir hvern skylduómaga, samkvæmt því, sem skattanefndir hafa talið þá. Má skattur þessi nema allt að 5% (fimm af hundraði) af tekjunum þannig ákvörðuðum. En hreinar tekjur

ákveðast samkv. reglum 7.—10. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, þó svo, að eigi gildi ákvæði 8. gr. þeirra laga um frádrátt á tekjum félaga vegna vara-sjóðstillags og 5% af hlutafé eða stofnfé.

Skatturinn reiknast þannig:

Fyrstu 1 þúsund kr. af tekjunum eru skattfrjálsar.

Af 2. þúsundinu reiknast 10% af skattinum.

— 3. — — 20 — —

— 4. — — 40 — —

— 5. — — 60 — —

— 6. — — 80 — —

— 7. — og því, sem þar er fram yfir, greiðist skatturinn með fullu hundraðsgjaldi.

6. gr.

Ákvæði um innheimtu gjalda þeirra, er lög þessi fjalla um, skulu sett í reglugerð, svo og um eftirlit með framkvæmd hennar og refsingu fyrir brot á lögnum eða reglugerðinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk viðskiptamálaráðherra. Nefndarmenn eru óbundnir í afstöðu sinni um einstök atriði frumvarpsins og áskilja sér allan rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Haraldur Guðmundsson getur ekki fallizt á að taka þátt í flutningi frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Frumvarpinu fylgdi eftir farandi bréf og athugasemdir:

#### ALÞINGI

Reykjavík, 6. júní 1941.

Undanfarið hafa farið fram viðræður milli stjórnarflokkanna á Alþingi um lausn dýrtíðarmálanna, og þá sérstaklega um tekjuöflun í því skyni að halda niðri verðlagi innanlands og til þess að mæta þeim erfiðleikum atvinnuveganna, er stafa kunna af styrjöldinni.

Skoðanir hafa verið nokkuð skiptar um einstök atriði málsins, og hefur ekki enn fengizt úr því skorið til hlítar, hvaða lausn á málinu er helzt að skapi meginþorra þingmanna.

Þar sem Alþingi hefur nú staðið allengi, en verður þó áður en það lýkur störfum að taka afstöðu til þessa máls, óska ég þess hér með, að háttv. fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis flytji frumvarp það til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, sem hér með fylgir.

Í frumvarpi þessu er tekið tillit til mismunandi sjónarmiða, sem fram hafa komið við meðferð málsins, og er það von mín, að nægilegt þingfylgi fái fyrir því að leysa málið í aðalatriðum eftir þeim leiðum, sem frumvarpið ákveður, enda þótt gera megi ráð fyrir, að einhverjar breytingar verði að gera á því í meðferð þingsins.

Eysteinn Jónsson.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis.

Þegar gengi krónunnar var lækkað í apríl 1939, var það fyrst og fremst gert til þess að rétta við hag útgerðarinnar. Það mátti hins vegar ljóst vera, að um lítil

eða jafnvel engin áhrif á afkomu sjávarútvegsins gat verið að ræða, ef kaupgjald og tilkostnaður allur hefði hækkað samhliða gengislækkuninni, og voru því sett um það ákvæði í gengislögin, svo sem kunnugt er, að kaupgjald skyldi hækka að nokkru leyti til samræmis við verðhækkun, sem verða kynni, en frekari hækkun bönnuð.

Ákvæði þessi reyndust þýðingarmeiri en upprunalega mun hafa verið gert ráð fyrir, þar eð ófriðurinn, sem brauzt út haustið 1939, hafði í för með sér miklar breytingar á verðlaginu og þar með á kaupgjaldinu. Á Alþingi 1940 voru ákvæði gengislaganna um kaupgjald framlengd með nokkrum breytingum til ársloka 1940. Um áramótin gengu þessi ákvæði úr gildi, og fóru þá fram samningar um kaupgjaldsmál milli atvinnurekenda og verkamanna. Varð niðurstaðan sú, að frá þeim tíma hefur verkamannakaup hækkað í fullu samræmi við hækkun framfærsluvísitölunnar, og sums staðar gengu atvinnurekendur inn á nokkra hækkun á grunnkaupi. Síðar var verzlunarmönnum og opinberum starfsmönnum veitt full dýrtíðaruppbót á laun, er eigi væru hærri en 650 kr. á mánuði, og nú er svo komið, að því sem næst allir launþegar fá greidda fulla dýrtíðaruppbót á laun sín, að minnsta kosti upp að vissu marki.

Verðvísitala kauplagsnefndar og hagstofunnar er nú 153, og þá miðað við 100 í janúar—marz 1939. Framfærslukostnaður og laun eru því 53% hærri nú en fyrir tveim árum. Hækkun framfærslukostnaðarins hefur haft og hefur í för með sér hliðstæða hækkun á launum, — hækkuð laun valda auðvitað hækkuðum framleiðslukostnaði á öllum þeim vörum, sem framleiddar eru í landinu, — það veldur nýrri hækkun á framfærslukostnaðinum, en hún hefur hins vegar aftur í för með sér nýja hækkun á kaupgjaldinu, og þannig koll af kalli. En verði óhikað haldið áfram á sömu braut, getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar, þótt síðar verði.

Það tímabil, sem af er styrjöldinni, hefur verið hagstætt landinu að því leyti, að verð útfluttrar voru hefur stigið meira en innfluttrar, og skilyrði hafa skapast til aukins útflutnings á vissum sviðum, þótt þýðingarmiklir markaðir hafi að visu tapast. Ýmsir kunna því að vera þeirrar skoðunar, að þjóðin hafi bætt hag sinn og aðstöðu svo verulega, að kaupgjaldshækkunir þær, sem átt hafa sér stað, hafi verið eðlilegar og réttmætar. En þegar sagt er, að það tímabil, sem af er styrjöldinni, hafi verið landinu hagstætt, er ekki nema hálfsgöð sagan. Engum getur blandast hugur um það, að geysilegt verðfall verður á útflutningsvörum landsmanna þegar að styrjöldinni lokinni, og má telja vist, að verð útfluttrar voru falli þá mun meira en innfluttrar, svo að enn er óvíst um það, hvort styrjaldarárin sem heild muni bæta hag og aðstöðu þjóðarinnar, þegar öll kurl koma til grafar. Að sjálfsögðu eru allir sammála um það, að æskilegast sé, að lífskjör þjóðarinnar séu sem best, en það er hinn mesti og háskalegasti misskilningur, að bætt lífskjör fái einungis með hækkuðu kaupgjaldi og hækkuðu innanlandsverði á innlendum framleiðsluvörum, eða að hækkað kaupgjald hafi jafnan í för með sér bætt lífskjör.

Eins og nú er komið málum, getur hækkað kaupgjald ekki varanlega bætt lífskjör launþeganna. Þau geta því aðeins batnað, að þeir fái meiri vörur fyrir laun sín, en þegar kaupgjaldshækkunin veldur aftur hækkuðu vöruverði, er auðséð, að launþeginn hefur til lengdar engan hag af kaupgjaldshækkuninni, — hún verður að engu í höndum hans, sökum síhækkandi verðlags.

En það er ekki einungis, að það sé launþegunum í rauninni til engra hagsbóta, að kaupgjaldið elti þannig verðlagið, ef verðlagið eltir kaupgjaldið aftur á móti, heldur getur það haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnuvegi landsmanna og þjóðarheildina, þótt síðar verði. Svo sem getið hafði verið, má telja vafalaust, að verðfall mikið verði á útflutningsvörum landsmanna þegar að styrjöldinni lokinni, og falli þá verð þeirra miklu meira en framfærslukostnaðurinn innanlands. En verði kaupgjaldið þá bundið framfærslukostnaðinum eins og nú er, má telja tvímælalaust, að atvinnuvegirnir fengju ekki risið undir því, og geysilegir erfiðleikar sköpuðust auk þeirra, sem verðhrunið sjálft skapaði. Þegar svo

væri komið, hlyti það að verða erfiðleikum bundið að halda uppi gengi krónunnar og óneitanlega nokkur hætta á lækkun hennar.

Afleiðingar þess ástands, er nú er ríkjandi í verðlags- og kaupgjaldsmálum, geta ekki einungis orðið mjög alvarlegar fyrir atvinnuvegina og þjóðarheildina, þegar stríðinu lýkur og aftur fer að halla undan fæti, heldur verka þær einnig nú þegar að ýmsu leyti mjög óheppilega. Hinar miklu verðhækkanir raska mjög hlutfallinu milli eigna og skulda, peningaverðmæti rýrna, tekjuskipting verður mjög ójöfn, og í kjölfar þessa siglir svo ýmiss koðar spákaupmennska og brask, sem hefnir sín síðar, þegar aftur koma eðlilegir tímar. Mjög dregur úr sparnaðarviðleitni allri, þar eð verðgildi peningaverðmæta fer minnkandi sökum hækkandi verðlags, og er hætt við, að menn noti þær tekjur sínar til neyzlu, sem annars hefðu verið lagðar til hliðar, og jafnvel kjósi heldur að eyða sparifé sínu en láta verðgildi þess rýrna sí og æ. Festing fjár í nýjum atvinnufyrirtækjum er og minni en ella myndi verða, sökum hins mikla og síhækkandi framleiðslukostnaðar og beinlínis vegna þess, að nánast er ókleift að koma upp nýjum framleiðslutækjum sökum skorts á efni til þeirra hluta.

Allar þessar afleiðingar ríkjandi ástands í kaupgjalds- og verðlagsmálum eru svo alvarlegar, að brýna nauðsyn ber til ráðstafana til þess að vinna gegn þeim. Það þarf að vinna gegn því, að útflutningsatvinnuvegirnir verði ósamkeppnisfærir að styrjöldinni lokinni og erfiðleikarnir verði meiri en þeir, sem verðhrunið sjálft óhjákvæmilega hlýtur að hafa í för með sér. Það þarf að vinna gegn frekari röskun á verðmætum og tekjuskiptingu og enn fremur gegn frekari verðhækkunum til þess að halda uppi verðgildi peninganna. Það verður því að gera allt, sem unnt er, til þess að halda útsöluverði innlendrar og erlendrar nauðsynjavöru til neytenda sem stöðugustu og koma í veg fyrir, að þær hækki til neytenda, jafnvel þótt innflutningsverð erlendrar vöru hækki og innlendir framleiðendur þurfi að fá hærri verð fyrir afurðir sínar. Fyrir hendi þarf að vera fé til þess að bæta upp verð á útflutningsafurðum, ef þær verða sérstaklega hart úti hvað verðlag snertir. Er átt við það sérstaklega, þar sem í 1. gr. frv. er talað um stuðning við atvinnuvegina. Það getur ekki með nokkru móti talizt sanngjarnt, að þeir framleiðendur, sem vegna styrjaldarinnar kunna að bíða stórtjón, séu látnir bera það einir og óstuddir á sama tíma sem aðrir framleiðendur og aðrir landsmenn hagnast stórlega vegna styrjaldarinnar.

Kemur þá til athugunar, hvernig afla beri fjár þess, sem nauðsynlegt er í þessu skyni. Þar eð fé þetta er nauðsynlegt vegna ástands, sem er bein afleiðing styrjaldarinnar, virðist sjálfsagt að afla þess þar, sem um beinan og ótvíræðan hagnað vegna styrjaldarinnar er að ræða, og kemur þá til greina útflutningsgjald (sbr. 4. gr. frv.) á þær afurðir, sem veruleg verðhækkun hefur orðið á vegna styrjaldarinnar. En þar sem vitanlegt er, að ágóði af útflutningi íslenzkra afurða hefur verið mjög misjafn, er heimilað, að gjaldið megi vera misjafnlega hátt á hinum ýmsu vörutegundum. Er heimilað, að útflutningsgjaldið nemi allt að 10% af fob-verði útflutningsafurðanna.

En það er ekki einungis um „stríðsgróða“ að ræða hjá þeim, sem selt hafa vörur sínar á erlendum markaði við háu verði, heldur hafa tekjur mjög margra stóraukizt beinlínis vegna ríkjandi styrjaldarástands, og ber í því sambandi t. d. að minnast framkvæmda brezka setuliðsins. Virðist því réttmætt, að greitt sé nokkurt gjald af hreinum tekjum (sbr. 5. gr. frv.), er gangi til þess að vinna gegn frekari hækkun framfærslukostnaðar.

Nú fyrir skemmstu hefur Alþingi samþykkt breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt, þar sem gengið er svo langt hvað snertir stighækkun tekjuskattsins á hærri tekjum, sem samkomulag fékkst um á Alþingi. Skatturinn hefur verið lækkaður til muna á öllum almennungi, en jafnframt því hefur atvinna á öllum sviðum viðskiptalífsins aldrei verið meiri né tekjur almennings yfirleitt hærri, þótt

dýrtíðaruppbótin sé frá skilin. Hins vegar er sanngjarnt, að hinum lægstu tekjum sé hlíft við skatti þessum og ómagafrádráttur ákveðinn.

Í 3. gr. frv. er ríkisstjórninni enn fremur heimilað að verja allt að 5 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs á árinu 1941 í þessu sama skyni.

Þá er í frv. heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ákveða hámarksfarmgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenskum skipum.

Aðalefni frv. þessa er það, að ríkisstjórninni er gefin heimild til þess að gera ráðstafanir til að draga úr verðbólgunni innanlands og koma, eftir því sem unnt er, í veg fyrir frekari hækkun framfærslukostnaðar og kaupgjalds og til þess að styðja þær atvinnugreinar, er verða fyrir áföllum af styrjalдарástæðum, en að framan hefur verið sýnt fram á, að verði slíkar ráðstafanir ekki gerðar, getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnuvegi landsmanna og þjóðina alla. Til þess að standast kostnaðinn við þessar ráðstafanir er ríkisstjórninni gefin heimild til að leggja á útflutningsgjald, taka nokkurt gjald af hreinum tekjum landsmanna og auk þess verja til þess allt að tiltekinni upphæð af tekjum ríkissjóðs 1941.

Sumum kann að virðast, að með þessu frumvarpi sé krafizt verulegra fórna af landsmönnum, en þess er að gæta í því sambandi, að fjárframlög þessi munu, að því leyti, er þau verða notuð til þess að lækka dýrtíðina frá því, er hún ella hefði orðið, koma landsmönnum til góða þegar í stað, og þó alveg sérstaklega síðar, þar sem þær hljóta að verka til þess, það sem þær ná, að draga úr taprekstrarhættu atvinnuveganna og hjálpa til þess að halda uppi verðgildi krónunnar.